



Land og skógur
Gunnarsholti
851 Hella


2409012 SÓÁ

Framkvæmdaleyfi í landi Stóru-Drageyrar, Bakkakots og Stálpastaða

Stóra-Drageyri, Bakkakot og Stálpastaðir, úrbætur vegna óleyfisframkvæmda

Lýsing framkvæmdar

Landi var raskað vegna skógræktar á Stóru Drageyri, Bakkakoti og Stálpastöðum árið 2022. Um var að ræða óleyfisframkvæmd, þar sem plægðar voru rásir í viðkvæmt land sem er að stórum hluta til lítt raskað votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd. Gróðursettar voru plöntur í rásirnar og ruddur vegur í hlíðum Dragafells. Leitað var til Landgræðslunnar til að gefa álit um mögulegar leiðir til að færa land sem raskað hafði verið til fyrra horfs og/eða skapa aðstæður til þróunar í þá átt. Lagt er til að farið verði eftir leiðbeiningum Landgræðslunnar við endurheimt landgæða og er skýrsla Landgræðslunnar, dags. 8. nóvember 2023 fylgigagn þessa framkvæmdaleyfis.




Mynd sýnir raskað svæði í landi Stóru Drageyrar. Raskað svæði er sýnt með dökk mosagrænum lit og vegur sem ruddur var frá Dragavegi og eftir hlið Dragafells er sýndur með svartri línu.

Á svæði óleyfisframkvæmdar vestan Dragavegar er lagt til í skýrslu Landgræðslunnar að loka plógrásum með því að ýta plógstrengjum ofan í þær á ný og fjarlægja aspir sem hafa verið gróðursettir. Jafnframt er lagt til að annað rask eins og hjólför niður á svæðið frá Dragavegi verðið jöfnuð út og sá einæru grasfræi þar sem raskið er á þurrlendi, þar sem votlendissvæði hafa raskast illa af hjólförum er lagt til að jafna svæðið og bera á tilbúinn áburð, með eða hey.

Varðandi vegslóðann í Dragafelli er vísað í töflu 1 á bls. 16 um mögulegar úrbætur. Lagt er til að tilbúinn áburður verði notaður á svæði sem enn hafa órofinn svörð til að staðargróður nái þar rótfestu á ný. Sneiðingar ætti að jafna út og sá í flagið sem myndast, með einærum og/eða fjölærum grastegundum. Hjólför þar sem ekið hefur verið utan við endanlegan slóða ætti að jafna út og græða upp. Gera verður ráð fyrir að eftirlits verði þörf næstu 3 – 5 ár og að á þeim tíma þurfi að laga úrrennsli, sá og bera á áburð.


Í skýrslu Landgræðslunnar kemur ekki fram hvort að byrjað hafi verið að gróðursetja plöntur austan Dragavegar. Ef svo er skal fjarlægja þær.



Mynd sýnir raskað svæði í landi Bakkakots. Raskað svæði er afmarkað með ljósgrænum lit.

Á Bakkakotsheiði er lagt til í skýrslu Landgræðslunnar að gera greinarmun á votlendishluta svæðisins og þurrlendishluta. Á votlendissvæðum má beita sömu aðferðum og ráðlagðar eru fyrir svæðið á Geldingardraga, sem eru að ýta plógstrengjum ofan í plógrásir. Á þurrlendissvæðum er verkefnið flóknara. Þar sem mosi er ráðandi ætti að jafna plógförin út og bera á tilbúinn áburð, eða e.t.v. dreifa heyi eða moði séu aðstæður metnar heppilegar til þess. Einnig mætti planta mosa af svæðinu í flögin til að ýta undir landnám hans. Plógför á öðrum

Þurrlendisvæðum (rofnari svæði) þyrfti einnig að jafna út en meta ætti hvort grípa eigi til staðbundinna aðgerða umfram það. Það er sérstaklega mikilvægt að plógförum sé lokað þar sem plægt hefur verið undan halla, því á þeim stöðum er veruleg hætt á vatnsrofi. Íhuga þarf hvort ástæða er til að dreifa áburði, heyi eða moði á staði sem eru annars sæmilega grónir, eða gera ekkert umfram að loka plógförum ef staðurinn er örfoka. Fjarlægja ber þær birkiplöntur sem gróðursettar voru á þess svæði.



Mynd sýnir skilgreiningu skógarsvæðis á Stálpastöðum sbr. aðalskipulagi sveitarfélagsins, sjá grænt svæði. Svæði sem er skáletrað með gulu er svæði þar sem búið er að gróðursetja trjágróður. Árið 2022 voru gróðursettar plöntur ofan skilgreinds skógarsvæðis sbr. aðalskipulagi og telst það til óleyfisframkvæmdar.

Á Stálpastöðum voru gróðursettar plöntur utan skilgreinds skógræktarsvæðis sbr. Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 eins og sjá má á ofangreindri mynd. Fjarlægja skal þær plöntur.

Afgreiðsla sveitarfélagsins

Hreppsnefnd samþykkti á 199. fundi sínum þann 19.9. 2024 eftirfarandi bókun:

Skipulags og byggingarnefnd leggur til við hreppsnefnd að skipulagsfulltrúa verði heimilt að veita Land og skógi framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir áframhaldandi lagfæringum vegna óleyfisframkvæmda í landi Stóru-Drageyrar, Bakkakots og Stálpastaða í samræmi við greinargerð Landgræðslunnar, dags. 8.11.2023 og Aðalskipulag Skorradalshrepps.

Hreppsnefnd samþykkir að skipulagsfulltrúi veiti Land og skógi framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir áframhaldandi lagfæringum vegna óleyfisframkvæmda í landi Stóru-Drageyrar, Bakkakots og Stálpastaða í samræmi við greinargerð Landgræðslunnar, dags. 8.11.2023 og aðalskipulag Skorradalshrepps.

Skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi:

- Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti á 182. fundi sínum þann 19.9.2024 að leggja til við hreppsnefnd að framkvæmdaleyfi verði veitt sbr. 13.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir áframhaldandi lagfæringum vegna óleyfisframkvæmda í landi Stóru-Drageyrar, Bakkakots og Stálpastaða í samræmi við greinargerð Landgræðslunnar, dags. 8.11.2023 og aðalskipulag Skorradalshrepps.
- Hreppsnefnd staðfesti bókun skipulags- og byggingarnefndar á 199. fundi sínum þann 19.9.2024 og fól skipulagsfulltrúa að veita framkvæmdaleyfi sbr. 13.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Verkefnastjóri Lands og skógar skal halda embættinu upplýstu um framgang verkefnisins. Í byrjun hvers árs skal leggja fram framkvæmdaáætlun komandi sumars og að hausti skal taka saman þann árangur sem náðst hefur og stöðu verkefnisins.
- Ganga skal snyrtilega um land á framkvæmdatíma.
- Framkvæmdaleyfi gildir til til 31.12. 2029.

Áfangaúttekt:

Framkvæmdaaðila ber að upplýsa skipulagsfulltrúa árlega um stöðu verkefnisins og upplýsa um framkvæmdalok. Skal það gert eigi síðar en mánuði eftir að framkvæmdum hefur verið lokið.

Hvanneyri 19. september 2024
Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Ósk Askelsdóttir
skipulagsfulltrúi

Viðhengi:

Framkvæmdaleyfi dags. 19. september 2024
Skýrsla Landgræðslunnar, dags. 8. nóvember 2023
Kort Bakkakot, dags. 6.9.2022
Kort Stóra Drageyri, dags. 6.9.2022
Kort Stálpastaðir, dags. 15.9.2022



Skorradalshreppur

Framkvæmdaleyfi fyrir Land og skóg

Úrbætur vegna óleyfisframkvæmda í landi Stóru Drageyrar,
Bakkakots og Stálpastaða

19. september 2024



Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir,
Skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps

Skjal þetta skal vera sýnilegt á framkvæmdastað

